

51. fundur svæðisráðs norðursvæðis 19. mars 2018 (10:00-10:55) Fjarfundur - Skype	Fundarritari: Guðmundur Ögmundsson	
Mættir: Óli Halldórsson, formaður Böðvar Pétursson, varaformaður Arnheiður Jóhannsdóttir Ásvaldur Ævar Þormóðsson Grétar Ingvarsson Hjördís Finnbogadóttir	Fjarverandi:	Aðrir fundargestir: Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður Jóhanna K. Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður

Dagskrá fundar:

1. Af vettvangi stjórnar
2. Daglegt starf í þjóðgarðinum
3. Húsnæðismál í Mývatnssveit

1. Af vettvangi stjórnar

Formaður fór yfir helstu málefni á borði stjórnar þjóðgarðsins. Beðið er eftir niðurstöðum úr úttekt á rekstri þjóðgarðsins. Formaður vonast eftir því að þær liggi fyrir innan tveggja vikna.

Stjórn þjóðgarðsins fékk í hendurnar athugasemdir svæðisráðs við gjaldtöku á bílastæði við Dettifoss að vestan og útlit er fyrir að fallið verði frá hugmyndum um hana að sinni.

Formaður kynnti umfjöllun stjórnar um samninga varðandi Ásbyrgi og mögulegar breytingar á yfirráðum þess hluta Ásbyrgis sem Skógrækt ríkisins hefur haft umráð yfir. Stjórn hyggst yfirfara samningsdrög um málið á næsta fundi sínum. Málið mun koma til umfjöllunar í svæðisráði þegar það skýrist.

2. Daglegt starf í þjóðgarðinum

Þjóðgarðsverðir ræddu starfsmannamál sumarsins. Ljóst er að miðað við núverandi drög að rekstraráætlun skortir fjármagn til að halda uppi nauðsynlegri starfsemi í haust. Þannig mun landvarsla og þjónusta við gesti leggjast af um mánaðamótin ágúst/september ef ekki kemur til umtalsverðrar aukafjárveitingar.

Samstarf norðursvæðis og austursvæðis um daglega stjórnun svæðisins norðan Vatnajökuls er í uppnámi, þrátt fyrir að það hafi að flestu leyti gengið vel síðasta sumar. Ákveðið að taka málið fyrir á næsta fundi svæðisráðs.

3. Húsnæðismál í Mývatnssveit

Skútustaðahreppur hefur auglýst til leigu skrifstofuaðstöðu sambyggða hreppsskrifstofunni, ætlað sem vísir að þekkingarsetri. Vatnajökulsþjóðgarður hefur frá upphafi starfsemi í Mývatnssveit verið með aðstöðu í húsnæði Umhverfisstofnunar og hefur það leitt til ágæts samstarfs stofnananna. Á sama tíma og sú samvinna er dýrmæt, telur svæðisráð mikilvægt að Vatnajökulsþjóðgarður taki þátt í uppbyggingu þekkingarseturs í Mývatnssveit frá upphafi, sér í lagi með tilliti til fyrirhugaðrar gestastofu og sambyggðs þekkingarseturs. Svæðisráð telur á þessum tímapunkti mikilvægt að Vatnajökulsþjóðgarður leigi skrifstofuaðstöðu í húsnæði Skútustaðahrepps, á sama tíma og lausnir verði fundnar til að samvinna við Umhverfisstofnun haldist áfram góð.

Fundi slitið kl. 10:55.